



## Atvinnumálanefnd - 10.02.2015

---

02. fundur

10. febrúar 2015, kl 16:00-17:30

Fundarstaður: Hlíðavegur 6

---

### Fundarmenn:

Friðrik Jakobsson, form.

Bjarni Jónasson

Arnþrúður Dagsdóttir

Anton Freyr Birgisson

Ragnheiður J. Grétarsdóttir

### Starfsmenn:

Friðrik Jakobsson ritaði fundargerð.

---

### Dagskrá:

1. Hlutverk nefndarinnar almennt
2. Stefna í atvinnumálum og forgangsröðun
3. Fasteignamál
4. Styrkjamál og tækifæri þeim tengdum
5. Önnur mál

### Afgreiðslur

1. Hlutverk nefndarinnar og erindisbréf rætt um hlutverk nefndarinnar í stefnumörkun í atvinnumálum.

2. Atvinnumálanefnd telur mikilvægt að hafist verði handa við stefnumótun í atvinnumálum í Skútustaðahreppi. Nefndin hyggst hittast fljótlega aftur og ræða frekar hvernig því skuli komið í framkvæmd. Nefndin telur mikilvægt að hafist verði handa við að kanna til hlýtar möguleika á byggingu „Fræðaseturs“ sem hýst getur fyrirtæki og stofnanir í sveitarfélaginu. Í þeirri vinnu felst m.a. þarfagreining, viðræður við fasteignafélög, verktaka og samskipti við stofnanir og fyrirtæki. Nefndin leggur til að sveitarfélagið leggi fé í þessa vinnu og hefjist hún sem fyrst. Leitast verði við að taka mið af þeirri vinnu og nýta þau gögn sem nú þegar eru til varðandi málið.

3. Vill nefndin fá nánari skýringu á því hvort eða hvernig nefndin á að fjalla um fasteignamál og nýbyggingar í sveitarfélaginu.

4. Hugmyndir um nýsköpun og styrki.

- Stuðningur við nýsköpunarhugmyndir í hreppnum. Hægt væri að halda íbúafund og síðar fund með stofnunum sem styðja við nýsköpun og atvinnuþróun
- Farið verði af stað í vinnu við stefnumótun í atvinnumálum í Skútustaðahreppi.

*Fundi slitið*

Friðrik Jakobsson, form.

Bjarni Jónasson

Arnþrúður Dagsdóttir

Anton Freyr Birgisson

Ragnheiður J. Grétarsdóttir